

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 25. febrúar 2011 í máli nr. S-999/2010:

### Ákærvaldið

*(Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir aðstoðarsaksóknari)*

**gegn**

### Ragnari V. Þorvaldssyni

*(Sveinn Andri Sveinsson hrl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 16. febrúar 2011, er höfðað samkvæmt ákæru, útgefinni af ríkissaksóknara 23. desember 2010, á hendur Ragnari Vestberg Þorvaldssyni, kennitala ..., ..., Reykjavík, fyrir kynferðisbrot með því að hafa, sunnudaginn 16. maí 2010, sært blygðunarsemi A og B er hann stóð fyrir innan óbyrgðan glugga á heimili sínu að .... í Reykjavík, í fráhneptri skyrta einni fata og strauk á sér getnaðarliminn.

Telst brot þetta varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 15. gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Verjandi ákærða gerir þær kröfur að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvalds, en til vara að ákærða verði dæmd vægasta refsing sem lög leyfa. Þá krefst verjandi málsvarnarlauna sér til handa.

### Málsatvik

Síðdegis sunnudaginn 16. maí 2010 var óskað aðstoðar lögreglu að .... í Reykjavík, þar sem maður væri að handleika getnaðarlim sinn í auglýsni barna og fullorðins fólks. Á vettvangi hittu lögreglumenn A, sem sagðist hafa litið út um glugga á heimili sínu andspænis húsinu að ..... Hafi hann þá séð mann úti í glugga sem var að fróa sér fyrir framan börn sem léku sér á leikvelli við húsið. Reyndist vera um ákærða að ræða og ræddu lögreglumenn við hann. Er haft eftir ákærða í skýrslu lögreglu að þetta væri mjög eðlileg hegðun og að allir gerðu svona. Hann gæti ekki að því gert að einhverjum börnum þætti þetta ógeðslegt. Það kæmi þeim ekki við hvað hann gerði á sínu heimili.

Í skýrslu lögreglu kemur fram að margar tilkynningar hafi borist um viðlíka háttsemi ákærða allt frá árinu 2005. Séu íbúar í nágrenninu langþreyttir á þessu og óttist um börnin í hverfinu. Þá kemur fram í málinu að samkvæmt upplýsingakerfi

lögreglu hafi 11 tilkynningar borist um „sagða afbrigðilega hegðun“ ákærða á árunum 2005 til 2010.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglu hinn 16. september 2010. Er hljóðupptaka af skýrslunni meðal gagna málsins. Ákærði kannaðist við að hafa verið mjög fáklæddur í íbúð sinni í umrætt sinn, einungis íklæddur skyrту. Hann sagði geta verið að kynfæri hans hafi sést inn um glugga íbúðarinnar ef einhver hefði verið staddur á lóðinni fyrir framan. Spurður hvort hann hafi handleikið kynfærin við gluggann sagðist ákærði kannski hafa „klórað sér í pungnum“. Sagðist ákærði oft vera fáklæddur í íbúð sinni. Enginn sé að biðja fólk um að horfa inn um gluggann hjá honum, það geri það sjálfviljugt og geti litið undan ef það sjái hann. Ákærði sagðist ganga fáklæddur um íbúðina þar sem hann væri heitfengur og svitnaði mikið, auk þess sem komi fyrir að hann stundi líkamsrækt heima. Hann hafi ekki verið að fróa sér úti í glugga í umrætt sinn, en verið geti að einhverjir hefðu túlkað það svo. Þá væri ekki rétt að hann hafi verið að strjúka getnaðarliminn, en hugsanlega hafi hann „gripið um punginn“.

Við meðferð málsins fyrir dómi sagði ákærði atvikum rétt lýst í ákæru, en neitaði sök þar sem hann teldi sig ekki hafa sært blygðunarsemi viðkomandi eins og þar greinir. Ákærði sagðist hafa verið á ferli um íbúð sína íklæddur skyrту einni fata. Hann hafi staðið í um eins metra fjarlægð frá glugganum um tíma og hafi hann þá heyrt í börnum úti á leikvelli. Hann sagði geta verið að hann hafi klórað sér í „neðri hlutann“ þar sem hann stóð við gluggann. Þá sagðist hann eiga það til að röltu um léttklæddur í íbúðinni þar sem hann stundi leikfimisæfingar og svitni mikið.

A sagðist hafa verið að horfa út um glugga á heimili sínu í íbúðablokk andspænis húsinu þar sem ákærði býr og hafi hann séð ákærða í íbúð sinni, íklæddan rauðri skyrту en beran að neðan, „að hamast á limnum á sér“. Leikvöllur sé á milli húsanna, um 4 til 5 metrum frá glugganum þar sem ákærði stóð, og hafi börn verið að leik þar. A sagðist hafa séð greinilega hvað ákærði aðhafðist, enda hafi hann séð beint inn um gluggann hjá honum. Hann hafi kallað til konu sinnar, þau gert lögreglu viðvart og hraðað sér út til að koma börnunum burt af leikvellingum. Ákærði hafi enn verið við iðju sína þegar þau komu út á. A sagðist ekki hafa trúað sínum eigin augum. Sér hafi fundist þetta hryllilegt, einkum þar sem börn voru þarna að leik.

B sagði eiginmann sinn, A, hafa kallað á sig og þegar hún kom að hafi hún séð hvar maður stóð í glugganum í húsinu á móti og var að fróa sér. Þau hafi farið út þar sem börn voru að leika sér á leikvellingum. Maðurinn hafi enn verið í glugganum þegar þau komu út og hafi hann ekki hætt fyrr en rétt áður en lögregluna bar að garði. Maðurinn hafi verið í rauðri eða vínrauðri skyrту, en ber að neðan. Hún hafi séð hann greinilega. Hann hafi strokið á sér getnaðarliminn og hrist hann þarna í glugganum. B sagði sér hafa orðið illa við það sem hún varð vitni að þarna, sérstaklega vegna barnanna sem voru úti.

Lögreglumennirnir Gylfi Dýrmundsson og Inga Birna Erlingsdóttir komu fyrir dóminn sem vitni. Inga Birna, sem kom á vettvang í umrætt sinn, sagði gluggann sem ákærði hefði staðið við blasa við leikvellingum og þar með börnum sem væru þar að leik.

## Niðurstaða

Ákærði neitar sök. Hann kannast hins vegar við að hafa staðið nærri óbyrgðum glugga í íbúð sinni í fráhnepptri skyrtu einni klæða og strokið getnaðarlim sinn eins og í ákæru greinir. Hefur ákærði lýst því nánar svo að hann hefði klórað sér í kynfærum eða gripið um þau í umrætt sinn. Vitnin A og B hafa borið að þau hafi séð ákærða fáklæddan við gluggann og hafi hann verið að handfjatla kynfæri sín. Var háttsemi ákærða til þess fallin að særa blygðunarsemi þeirra sem yrðu vitni að henni og kom fram hjá vitnunum tveimur að þeim hafi verið stórlega misboðið við atferli hans. Verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og telst háttsemi hans varða við 209. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt fyrirliggjandi sakavottorði hefur ákærði ekki áður gerst sekur um refsiverðan verknað. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði, en rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar eins og nánar greinir í dómsorði.

Þá verður ákærði dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, sem teljast hæfilega ákveðin 150.600 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Ragnheiður Harðardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

## Dómsorð:

Ákærði, Ragnar Vestberg Þorvaldsson, sæti fangelsi í 4 mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði skipuðum verjanda sínum, Sveini Andra Sveinssyni hæstaréttarlögmanni, 150.600 krónur í málsvarnarlaun.

Ragnheiður Harðardóttir